

139. löggjafarþing 2010–2011.  
Þskj. 365 — 148. mál.

## Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um meðmælabréf vegna atvinnu-  
umsókna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað hefur ráðherra og/eða ráðuneytið skrifað mörg meðmælabréf vegna atvinnu-  
umsókna fyrrum ráðherra á árunum 2000–2010? Fyrir hvern voru bréfin skrifuð, hvert voru  
þau send og hvenær?*

Ráðherra hefur ritað tvö meðmælabréf vegna atvinnuumsókna fyrrum ráðherra á framan-  
greindu tímabili. Fyrra bréfið var ritað 27. júlí 2009 til Jacques Diouf, framkvæmdastjóra  
Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO), vegna umsóknar Árna M.  
Mathiesen um starf aðstoðarframkvæmdastjóra hjá stofnuninni. Annað bréf var ritað 14.  
október 2009 til Marc Perrin de Brichambaut, framkvæmdastjóra Öryggis- og samvinnu-  
stofnunar Evrópu (ÖSE), vegna umsóknar Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Ráðuneytið  
studdi umsókn hennar í starf sérstaks fulltrúa í baráttunni gegn mansali.

